

Fundur 7.4.2025 Ólafur Gunnar Daníelsson.

Góða kvöldið, góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Gott að ég skuli hafa getað komist í sambandið aftur, ég er alltaf að hressast hér á nýjum hnetti og fjölmörgu hef frá að segja og ég hef bæði notið hér alls þess sem ég byggði upp á jörðinni og ég hef einnig notið þess að kynnst nýjum möguleikum og hef rifjað upp ýmislegt sem ég lærði á jörðinni.

Ég hef reynt að komast í sambandið oft, en ekki alltaf verið tilbúinn, en það eru svo margir sem ég hef talað við af Íslendingum sem nýlega eru farnir yfir og sem ekki geta komist í sambandið, og þau vilja að ég komi með þessi skilaboð.

Það eru, þið hafið öll einhverja ættingja eða vini misst, en veit ég að mörg ykkar finna fyrir okkur sem erum komin hingað yfir.

Og ég talaði við konu sem átti vinkonu og hún er á jörðinni, og ég er í tengslum við marga hér, hef kynnst svo mörgum á nýjum hnetti, vegna þess sem kom fyrir mig, og ég hef reynt að hvetja þau til að komast í sambandið, sambandið við ykkur og láta í sér heyra, því ég vil hjálpa öðrum, en ekki alltaf trana mér fram.

En ég veit að mín er saknað og það er gagnkvæmt, en ég vil ekki velta mér upp úr sársaukanum allt of mikið, og mér finnst það erfitt að tala stundum um það sem gerðist, en það er samt gott stundum að koma í sambandið og tala við ykkur og

*Ekki ert þú Birna ?*

Nei.

*Fyrirgefðu.*

Það eru sömu skilaboðin sem margir senda og konan sem þekkir miðilinn ykkar og vildi koma í gegn, en treysti sér ekki núna, og vildi segja það sama og margir, að þið gerið okkur svo gott ef þið haldið áfram með lífið.

Og við viljum að þið fagnið með okkur alls þess sem við njótum hér í nýju lífi, og gerið það besta fyrir ykkur sem hægt er.

Hún ætlar að koma síðar, hún dó innan við tvítugt, en hefur hér eignast börn og mann og er farin að láta gott af sér leiða á seinni árum.

Og hér er afi nokkur, sem vill láta í sér heyra, og er með ræðu tilbúna um fjölskylduna og starf sitt, vélaverkfræði, Sigtryggur.

*Sæll afi minn.*

Hann er ekki í sambandinu en hann er að segja til sín, ég er Ólafur Daníelsson.

*Já já Óli Danna já já.*

Ég vil biðja að heilsa mömmu.

*Hún var nú að biðja um að kæmir ekki nema þegar hún væri.*

Ég vildi bara segja að mér finnst svo gott að geta hjálpað öðrum og ég kem alveg örugglega síðar.

*Ég segi henni það.*

Það er svo margt spennandi sem ég hef að segja frá eigin lífi, ég er hér í verkfræðinámi.

Og þegar kemur yfir mig löngun í vímuna, þá fáum við sérhver sýndargleraugu, og það venur okkur af þessu, þangað til við erum laus við þann kvilla.

Og hef ég því getað einbeitt mér meira að náminu og frítímanum og ég er spenntur að heyra frá bróður mínum og fjölskyldu.

Og afi minn er með fyrirtæki hér og biður hann kærlega að heilsa ykkur, og konan þín farin að hjálpa öðrum með heilsuna og farin að rækta andleg mál, áhuga sinn á þeim.

*Já það er gott.*

Biður einnig kærlega að heilsa.

*Ég bið að heilsa henni og Gulla.*

Já,

*Það gengur vel með frænku þína Bryndísi.*

Já, já já, ert þú að tala um ?

*Ég er að tala um dóttur bróður þíns.*

Já.

*Dóttur Sigga.*

Já einmitt, það er gott að heyra það, ég var einmitt spenntur að heyra það, og svo reyni ég að koma síðar þegar mamma er við.

Og ég vona að öll þessi sambönd komi ,sem ég er búinn að kynnast svo mörgum hér á þessum hnetti.

Þakka kærlega fyrir mig og þykir gott að komast í sambandið.

Verið þið sæl og bið fyrir bestu kveðjur, verið þið sæl.

*Vertu sæll og ég skila kveðjunum.*